



1507001
TÓNSMÍÐJA SUÐURLANDS
Eyrarvegi 67, 800 Selfoss - www.tonsmidjan.net

25. júní 2015

Tónkjallarinn ehf. 610404-3160
tonsmidjan@gmail.com

Rangárþing ytra

Efni:

Ósk um samstarf sveitarfélagsins við Tónkjallarann ehf. v. Tónsmiðju Suðurlands.

Undanfarin ár hafa nemendur með lögheimili í Rangárþingi ytra leitað til Tónsmiðju Suðurlands eftir tónlistarkennslu. Höfum við sinnt þeim eftir bestu getu.

Sumir umsækjendur hafa ekki fengið sömu fyrirgreiðslu vegna náms við Tónsmiðju Suðurlands og verið vísað á Tónlistarskóla Rangæinga. Teljum við afar óheppilegt fyrir efnilega nemendur að geta eigi valið sér kennara og kennsluleiðir í tónsköpun sinni.

Með samningi við Tónkjallarann ehf. styrkir sveitarfélagið grunnþjónustu fyrir íbúa sína og veitir Tónlistarskóla Rangæinga nauðsynleg aðhald í formi heilbrigðrar samkeppni.

Nú í dag er Tónkjallarinn ehf. með samning við eftirtalin sveitarfélög:

Árborg, Ásahrepp, Flóahrepp, Hrunamannahrepp, Hveragerðisbæ, Skeiða- og Gnúpverjahrepp og Rangárþing eystra.

Er von okkar að meðfylgjandi samningur verði samþykktur fyrir komandi skólaár.

Virðingarfyllt

f.h. Tónsmiðju Suðurlands

Ingibjörg Erlingsdóttir

Stefán Þorleifsson

Tónsmiðja Suðurlands

Samningur

Rangárþing Ytra (kt. 520602-3050) og Tónsmiðja Suðurlands (kt. 610404-3160) gera með sér svohljóðandi saming

1. gr.

Markmið samningsaðila er að styrkja, efla og auka fjölbreytni í tónlistarnámi í Rangárþingi ytra. Samingur þessi gildir frá 1. ágúst 2015 og er uppsegjanlegur með sex mánaða fyrirvara af beggja hálfu.

2. gr

Tónsmiðja Suðurlands ábyrgist að kennsla þeirra nemenda, sem innritaðir eru í skólann sé í samræmi við lög og reglugerðir og aðrar stjórnvaldsákvæðanir sem áhrif kunna að hafa á rekstur tónlistarskóla.

Miðað er við að skólinn kenni allt að 5 nemendum með lögheimili í Rangárþingi ytra. Nemendur skulu fá kennslu í samræmi við námskrá menntamálaráðuneytis.

3. gr.

Vegna þjónustu skv. 2. grein greiðir Rangárþingi ytra Tónsmiðju Suðurlands árlega ákveðna upphæð á hvern nemanda kr. 358.820 í samræmi við 10. gr. Laga nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla. Þó getur skólinn sótt sérstaklega um aukaframlag vegna langtímaforfalla kennara sem staðfest eru með læknisvottorði.

Framangreind styrkfjárhæð (skv.gr. 3) er miðuð við áætlaðan launakostnað á samningstímanum og breytist í samræmi við breytingu launa skv. Kjarasamningi Launanevndar sveitarfélaga, Félags tónlistarkennara og Félags íslenskra hljómlistarmanna.

Árlegur styrkur verður greiddur með 12 jöfnum greiðslum, í upphafi hvers mánaðar eða skv. nánara samkomulagi.

Tónsmiðja Suðurlands skal skila endurskoðuðum ársreikningi til sveitarfélagsins sé þess óskað.

Dags. og staður

f. h. Rangárþings Ytra

f. h. Tónsmiðju Suðurlands